

Ed.

269. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fella niður eða lækka ýmsar greiðslur samkvæmt lögum.

(Lagt fyrir Alþingi 1940.)

1. gr.

Á árinu 1941 er ríkisstjórninni heimilt, ef nauðsyn krefur:

1. Að fella niður greiðslu á 35% af framlögum ríkissjóðs, samkvæmt fjárlögum, til:
 - a. Byggingarsjóðs, sbr. II. kafla laga nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnáamssjóð.
 - b. Endurbygginga íhúðarhúsa í sveitum, sbr. III. kafla sömu laga.
 - c. Nýbýla og samvinnubyggða, sbr. IV. kafla (34. og 37. gr.) sömu laga.
2. Að lækka um 35% framlag ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum til jarðabóta-styrkja, sbr. 9. gr. jarðræktarlaga, nr. 101 23. júní 1936.
3. Að miða framlag ríkissjóðs til byggingarsjóða, samkv. 3. gr. laga nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, við kr. 1,30 fyrir hvern íbúa kaupstaðar eða kaupsþúns, gegn jafnháu framlagi bæjar- og sveitarsjóða, og að lækka fjárveitinguna samkv. fjárlögum í hlutfalli við það.
4. Að láta tekjuauka þann, sem gert er ráð fyrir í 2. gr. laga um bráðabirgða-tekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga, er gilda fyrir árið 1941, renna beint í ríkissjóð og að láta tekjuauka þann, sem gert er ráð fyrir í 4. mgr. 3. gr. nefndra laga, einnig renna beint í ríkissjóð.
5. Að láta gjald í fiskimálasjóð samkv. 2. lið 13. gr. laga nr. 75 31. des. 1937 renna beint í ríkissjóð.
6. Að fella niður 35% af framlagi ríkissjóðs til lífeyrissjóðs Íslands, samkv. 78. gr. alþýðutryggingarlaga, nr. 74 31. des. 1937.
7. Að lækka verðlagsuppbót til embættis- og starfsmanna ríkisins samkv. lögum um 35%.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Sökum óvissunnar um fjárhagsafkomu ríkissjóðs á árinu 1941 sem og á yfirstandandi ári, þykir brýn nauðsyn á því, að þær heimildir, sem í frumvarpi þessu felast, verði veittar.